



Reykjavík 4. september 2023

IER23050024

0.2.2.

LF/HS

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Árshlutareikningur A-hluta og samantekinn árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2023

Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk gagnvart borgarstjórn að sinna fyrir hönd hennar eftirliti með verklagi við gerð reikningsskila, eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirliti með ytri endurskoðun eins og fram kemur í 108 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur átt fund um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2023 með sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og sérfræðingum sviðsins sem vinna að gerð reikningsskila. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins.

Nefndin hefur einnig fundað með stjórnendum Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Ljósleiðarans ehf. og fengið kynningu á árshlutareikningum þeirra félaga fyrir sama tímabil en árshlutareikningur Orkuveitunnar hefur mikið vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar.

Í störfum sínum leggur nefndin áherslu á að vinnuferlið við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sé skjalfest og hver aðgerð í ferlinu sé áhættumetin til þess að greina hættuna á að veruleg skekkja eða rangfærsla komist í reikningsskilin. Nefndin hefur óskað eftir því að Innri endurskoðun og ráðgjöf framkvæmi úttekt á völdum liðum innra eftirlits í reikningsskilaferli Reykjavíkurborgar.

Eins og áður fylgja með árshlutareikningnum ítarlegar greinargerðir fagsviða og B hluta félaga ásamt skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs. Að mati nefndarinnar er upplýsingagjöf sem finna má í greinargerðunum og skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs góð. Nefndin vekur athygli á ábendingum fjármála- og áhættustýringarsviðs. Þá telur nefndin mikilvægt að framvegis veiti skýrsla stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sveitarfélagsins í samræmi við leiðbeiningar reikningsskilaráðs frá árinu 2022. Samkvæmt leiðbeiningunum skal að lágmarki fjalla um umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál og gera grein fyrir stefnu [sveitar]félagsins í mannréttindamálum og hvernig [sveitar]félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

Á grundvelli ofangreindrar yfirferðar endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á samanteknum árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2023 telur nefndin að hann sé tilbúinn til afgreiðslu í borgarráði.

f.h. endurskoðunarnefndar

Lárus Finnbogason, formaður